



Félagsvistin er mjög vinsæl hjá eldri borgurum í Reykjavík.

Félagsstarf eldri borgara í Reykjavík:

Vetrarstarfinu lýkur

með sýningu á Kjarvalsstöðum um helgina

FÉLAGSSTARF eldri borgara í Reykjavík hefur verið með miklum blóma í vetur eins og undanfarna vetur. Þar hefur verið boðið upp á félagsstarf ýmis konar, námskeið, handavinnu og margvíslega þjónustu. Ekki liggja fyrir tölur um þátttökuna í vetur en alls tóku um 40 þúsund manns þátt í félagsstarfinu veturinn 1980, samkvæmt upplýsingum Geirþrúðar Hildar Bernhöft ellimálafulltrúa og Helenu Halldórsdóttur forstöðukonu.

100 sjálfboðaliðar

Starfinu verður framhaldið í sumar þó með mánaðarhléi á hverjum stað, þannig verður lokað vegna sumarleyfa í ágúst í Norðurbrún 1, í júlí í Lönguhlíð 3 og í ágúst í Furugerði 1. Engin tók eru á því að gera grein fyrir öllu því sem Félagsstarf eldri borgara býður upp á í þessari fréttagrein en þeir, sem áhuga hafa á því að kynna sér hvað boðið er uppá, geta hringt í skrifstofu Félagsstarfsins í Norðurbrún 1, sími 86960.

Frá upphafi hafa sjálfboðaliðar frá kirkjufélögum kvenna í Reykjavík, kvennadeild Rauða krossins og eldri skátum unnið við Félagsstarf eldri borgara. Hafa þannig yfir 100 manns unnið þarna sjálfboðaliðastarf á ári hverju og enn starfar 21, sem unnið hefur frá upphafi þessa starfs árið 1969.

Sýning á Kjarvalsstöðum

Segja má að nú séu vertíðarlok í vetrarstarfinu og verður sýning á ýmsum munum sem hafa verið unnir í vetur opnuð á Kjarvalsstöðum föstudaginn 14. maí

1982, kl. 16.00. Lúdrasveit Laugarnesskóla leikur fyrir utan við opnunina.

Sýningin verður opin frá kl. 16.00 til 22.00 föstudaginn 14. og frá kl. 14.00 til 22.00 laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. maí.

Sala á munum unnum í Félagsstarfinu verður að Norðurbrún 1, laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. maí nk. frá kl. 13.00 til 18.00 báða dagana.

Starfið eykst stöðugt

Þær Geirþrúður Hildur Bernhöft og Helena Halldórsdóttir veittu Morgunblaðinu eftirfarandi upplýsingar:

Félags- og tómsundastarf eldri borgara á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hófst í apríl 1969. Send voru út rúmlega 5.000 bréf til þeirra, sem þá voru 70 ára og eldri til kynningar á væntanlegu starfi. Síðan hófst félagsstarfið tvo eftirmiddaga í viku frá kl. 13.00—18.00 í Tónabæ.

Vorið 1972 fluttist félagsstarfið í Félagsheimili Fóstbræðra.

Vorið 1974 hófst félagsstarfið einnig að Hallveigarstöðum við Túngötu tvo eftirmiddaga í viku.

Vorið 1974 hófst félagsstarfið á jarðhæð hússins Norðurbrún 1, en það er fyrsta leiguhúsnæðið, sem sérstaklega var hannað í þágu aldraðra. Gafst þá tækifæri að auka félags- og tómsundastarfið verulega í eigin húsnæði og varð nú þar fimm daga vikunnar.

Í árslok 1979 var hafið skipulegt félags- og tómsundastarf að Furugerði 1 og Lönguhlíð 3 til viðbótar starfsemi að Norðurbrún og Hallveigarstöðum. Þar er nú unnið fjóra daga vikunnar á hvorum stað.

Vorið 1981 fluttist félagsstarfið frá Hallveigarstöðum í Oddfellowhúsið. Ævinlega er haldinn jólafagnaður að Hótel Sögu, Súlnasal, farið er í leikhúsfærðir, haldnar kvöldvökur, haldin sundnámskeið í Sundhöll Reykjavíkur o.fl.

Sumarið 1969 hófst einnig sumarstarf. Farið var í nokkrar ferðir um Reykjavík og nágrenni. Sú starfsemi hefur aukist sem annað.

Sumarið 1973 var efnt til orlofsdvalar að Löngumýri í Skagafirði í samstarfi við Þjóðkirkjuna. Þá dvöldu tveir 24 manna hópar í 12 daga. Nú verða 5 hópar í 12 daga hver, en þátttakendur eru 35 í hverri ferð.

Haustið 1977 hófst utanlandsferðir til sólarlanda fyrir aldraða.

Nánar verður sagt frá félagsstarfi eldri borgara í sumar í Mbl. síðar.

Nýtt kerfi heilsugæslu Reykjavík skipt niður í heilsugæslusvæði

ÁÆTLAD er að byggja á næstu árum 12 heilsugæslustöðvar í Reykjavík, sem staðsettar verða á jafnmörgum svæðum víðs vegar um borgina. Með tilkomu heilsugæslustöðvanna verður eldra kerfi heimilislækninga og heilsuverndar lagt niður og tekið upp hið nýja kerfi heilsugæslu. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg verður að heilsugæslustöð við Barónsstíg og verður þar aðsetur stjórnar heilsugæslustöðva, heilbrigðisráðs o.fl.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1983 til 1987 verði samtals veitt til heilsugæslustöðva í Reykjavík 94 milljónum króna og er gert ráð fyrir að það fé nægi til að byggja upp eina stöð á ári á þessu árabili. Ekki er búið að fastsetja í hvaða röð þessar stöðvar verða byggðar en þegar hefur verið byggð heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi, í Breiðholti og í Fossvogi. Hefur á undanförunum árum uppbygging heilsugæslunnar út um landið haft forgang.

Nefnd, sem undirbúið hefur að nokkru leyti hið nýja heilsugæslukerfi hefur lagt fram nýjan samkomulagsgrundvöll í stað samnings um heimilislækningshjálpi, sem áður gildi og hafa læknasamtök fallist á hann. Í samningnum er þess m.a. getið að starfandi heimilislæknar skuli hafa forgangsrétt að stöðum í heilsugæslustöðvunum. Þeir heimilislæknar, sem hætta störfum vegna aldurs með tilkomu þessarar breytingar, hljóta lífeyrissjóðsréttindi, sem sambærileg eru við réttindi opinberra starfsmanna með sama starfsaldur.


Á síðasta borgarstjórnarfundi fyrir kosningar var ákveðið að fresta atkvæðagreiðslu um heilsugæslustöðvakerfið vegna óvissu um fjármálahlíðina og verður því málið ekki tekið aftur upp fyrr en í haust. Borgarstjórnarmenn óttast að kostnaður við byggingu heilsugæslustöðva verði of mikill en Svavar Gestsson hefur bent á

að ríkið muni koma til móts við borgina hvað varðar kostnaðinn með frumvarpi til laga um málafni aldraðra þar sem væri gengið til móts við kostnað Reykvíkinga af heimilishjónustu aldraðra.

Skipting borgarinnar í heilsugæslusvæði er á þessa leið: 1. Árbær/Selásvæði að Hraunbæ 102. 2. Breiðholtssvæði I, „Mjóddin“ samkv. staðfestu deiliskipulagi. 3. Breiðholtssvæði II, samkv. staðfestu deiliskipulagi. 4. Breiðholtssvæði III, samkvæmt staðfestu deiliskipulagi. 5. Gerðasvæði, óákveðið. 6. Fossvogssvæði, Borgarspítalinn. 7. Heima-/Vogasvæði, óákveðin staðsetning. 8. Laugarnes-/Kleppholtssvæði, óákveðið. 9. Háaleitis-/Túnasvæði, staðsetning óákveðin. 10. Miðbæjarsvæði og Norðurmýrar- og Hlíðasvæði, Heilsug.st. v/ Barónsstíg. 11. Melasvæði og Vesturbæjarsvæði, staðsetning óákveðin. 12. Seltjarnarssvæði, Melabraut, Seltjarnarnesi.

FISHER


toppurinn í dag



LÁGMÚLA 7
REYKJAVÍK SÍMI 85333
SJÓNVARPSBÚÐIN

NÝR

WILLIE NELSON



WILLIE NELSON
ALWAYS ON MY MIND

including:
Do Right Woman Do Right Man
A Whiter Shade Of Pale Let It Be Me
Bridge Over Troubled Water The Party's Over

Nýja platan með Willie Nelson heitir „Always on My Mind“.
Gamli góði Willie Nelson flytur ný lög og endurnýjar gamlar dægurflugur á þessari plötu.
Hafðu Willie í huga næst þegar þú kaupir hljómplötu.

HLJÓMDEILD
KARNABER Heilidsöluðreifing
Laugavegi 66 - Glásibær - Austurstr. 11
Sími frá skiptiborði 85055
steinar hf
Símar 85742 og 85055.